



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana.

Fréttatilkynning
8. apríl 2014

ÚTBOÐ ÓVERÐTRYGGÐRA RÍKISBRÉFA RIKB 16 1013 OG RIKB 20 0205

Föstudaginn 11. apríl kl. 11:00 fer fram útbod hjá Lánamálum ríkisins með tilboðsfyrirkomulagi.

Boðin verða til sölu óverðtryggð bréf í flokknum RIKB 16 1013 og RIKB 20 0205. Heildarfjárhæð samþykktra tilboða verður tilkynnt að loknu útbóði.

Lánamál ríkisins áskilja sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, að hluta eða hafna þeim öllum. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð í útbóðinu en þeir annast einnig tilboðsgerð fyrir fjárfesta. Lágmark hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði.

Útbóðinu verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykktá verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður söluverðinu. Að öðru leyti er vísað í útbóðsskilmála sem fylgja þessari frétt.

Eftir að niðurstöður útbóðs ríkisbréfa liggja fyrir munu Lánamál ríkisins bjóða jafnvirði 10%, reiknuð af nafnverði þess sem selt var í útbóðinu, til aðalmiðlara á söluverði samþykktra tilboða allt til kl. 14:00 þriðjudaginn 15. apríl 2014. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útbóði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni.

Greiðslu- og uppgjörsdagur er miðvikudagurinn 16. apríl 2014.

Nánari upplýsingar veitir Oddgeir Gunnarsson, Lánamálum ríkisins, í síma 569 9635.